



Reykjavík
Morgunblaðið 26.01.2022

VIÐSKIPTA Mogginn
Skráningarsími í haugasjó

Bláaustur portóll
Skráningarsími í haugasjó

Óskir til að fá Læna-skið í haugasjó

Grant Thornton

Morgunblaðið, 26.01.2022, síðu 28
grein stærð: 67.00 sm²
grein hæð: 8.69 sm

Yfir hundrað verk á sýningu um Birgi Andrésón á Kjarvalsstöðum

Viðamikil yfirlitssýning á verkum Birgis Andrésónar, Eins langt og augað eygir, verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardaginn, 29. janúar. Birgir lést árið 2007 og var leiðandi afl í íslenski myndlist í meira en 30 ár, eins og því er lýst í tilkynningu. Birgir sótti í verkum sínum í brunn íslenskrar menningar, sagna, hefða og handverks og setti fram með einstökum hætti. Á sýningunni er veitt innsýn í áhrifamikinn feril hans og verk hans tengd við innlenda og erlenda samtímalist. Yfir eitt hundrað verk verða til sýnis og koma þau m.a. úr safneignum Listasafns Reykjavíkur, Listasafns Íslands, Nýlistasafnsins og Metropolitan-safnsins í New York. Sýningarstjóri er bandaríski listfræðingurinn Robert Hobbs. Samtímis sýningunni kemur út bók á ensku um ævistarf Birgis, *In Icelandic Colour*, með samnefndri ritgerð eftir Hobbs.

